

**Nd.**

## **29. Frumvarp**

til laga um alþýðufræðslu á Ísafirði.

Flutnm.: Haraldur Guðmundsson.

### 1. gr.

Á Ísafirði skal vera almennur skóli í þremur ársdeildum, þar sem piltum og stúlkum sje kend gagnleg fræði, bókleg og verkleg. Skólaárið er frá 1. október til 15. maí

### 2. gr.

Námsgreinir í skólanum skulu vera þessar: íslenska, norðurlandamál, enska, esperantó, bókmentafræði, saga, landafræði, náttúrufræði, hagfræði og fjelagsfræði, reikningur, söngur, teikning, leikfimi og íþróttir, og eftir því sem við verður komið, gagnleg handavinna, heimilisiðnaður og smíðar, miðað við staðhætti og almennar þarfir.

Undanþágur má skólastjóri veita nemöndum í einstökum námsgreinum, enda leggi þeir þá því meiri stund á aðrar greinar, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til.

### 3. gr.

Í sambandi við skólann má reka kvöldskóla, sem miðaður sje við það, að vinnandi fólk geti haft not af honum. Þar sje fólki, sem ekki vill eða hefir ekki tók á að stunda jafn reglubundið nám sem aðalskólinn heimtar, gefinn kostur á hinni nauðsynlegustu almennri fræðslu. Þar sje iðnnemum veitt sú bókleg fræðsla, sem þeim ber að veita. Þar sje fólki, sem lokið hefir námi við aðalskólann og kys að afla sjer frekari þekkingar í einstökum námsgreinum, þar á meðal þeim, sem vilja búa sig undir að sækja æðri skóla, leiðbeint í þeim efnun, en haldið sem mest til sjálfsnáms.

### 4. gr.

Við skóla þenna skipar ríkisstjórnin þrjá fasta starfsmenn, skólastjóra og tvo kennara. Skal skólastjóri jafnan njóta sömu launakjara og forstöðumaður kennaraskólans, en kennarar sömu launakjara og fastir kennarar sama skóla. Laun þeirra greiðast úr ríkissjóði.

### 5.

Skólanefndin á Ísafirði hefir yfirstjórn skólans, en fjárstjórnina annast þó bæjarstjórn Ísafjarðar.

### 6. gr.

Skólastjóri hefir á hendi daglega stjórn skólans, ræður stundakennara og skiftir verkum með þeim. Skólanefnd semur reglugjörð fyrir skólann um kenslu, próf o. fl., er fræðslumálastjórnin staðfestir. Skólanefndin ræður fyrir

húsakynnum skólans, undir yfirstjórn bæjarstjórnar, og undirbýr aukningu á þeim. Hún ræður með skólastjóra bóka- og áhaldakaupum.

#### 7. gr.

Fyrir 20 fyrstu nemendur aðalskólans greiðast til skólans úr rikissjóði 1500 kr. gegn jafnhárri upphæð úr bæjarsjóði Ísafjarðarkaupstaðar, enda njóti þeir ekki minni kenslu en 24 stundir á viku hverri. Fyrir þá nemendur, sem þar eru fram yfir, greiðist 75 kr. fyrir hvern, með sömu skilyrðum.

Fyrir 20 fyrstu nemendur kvöldskólans greiðast úr rikissjóði 750 kr. gegn jafnhárri upphæð úr bæjarsjóði og frá Iðnaðarmannafjelagi Ísafjarðar, eða tilsvarendi stofnun, enda njóti nemendur ekki minni kenslu en 12 st. á viku hverri til jafnaðar. Fyrir þá nemendur, sem þar eru fram yfir, greiðast 37,50 kr. fyrir hvern, með sömu skilyrðum.

Ríkissjóður leggur fram helming andvirðis efnis til vinnukenslunnar.

Fyrir nemendur utan Ísafjarðarkaupstaðar, sem sækja skólann, skal heimilt að taka skólagjöld, er renni til skólans, svo há, sem fræðslumálastjóri ákveður, að fengnum tillögum skólaneíndar, nema um semjast milli viðkomandi hreppa- eða sýslufjelaga og bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar um árlegan styrk til skólans, er veitir nemöndum frá þeim jöfn kjör og innanbæjarnemöndum.

Af innanbæjarnemöndum kvöldskólans má og taka skólagjöld, ef skólanefnd þykir ástæða til, enda samþykki fræðslumálastjóri upphæð skólagjalda.

#### 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð:

Á tveimur undanförunum þingum hefir verið flutt í Nd. frv. til laga um gagnfræðaskóla á Ísafirði. Náði frv. í hvorugt skifti fram að ganga og er þó öllum ljóst það feikna misrjetti, sem Vestfirðingar hafa verið beittir í skólamálum.

Ríkið hefir um margra ára skeið haldið uppi gagnfræða- eða alþýðuskólum í öllum fjórðungum landsins nema Vestfirðingafjórðungi. Eru tveir þeirra, Akureyrarskóli og Eiddaskóli, reknir að öllu leyti á kostnað rikissjóðs, en hinn þriðji, Flensborgarskólinn, árlega styrktur með mjög ríflegum fjárhæðum. Auk þess veitir Mentaskólinn hjer gagnfræðamentun, sem kunnugt er. Í fyrra var sú breyting gerð á Akureyrarskóla, að hann er nú hvorttveggja í senn, gagnfræðaskóli og mentaskóli, og sama ár sett lög um bráðabirgðar ungmennafræðslu í Reykjavík og fjárframlög úr rikissjóði til hennar.

Ísfirðingar hafa nú í meira en fjórðung aldar haldið uppi alþýðuskóla fyrir alla Vestfirði og notið til þessa aðeins litilfjórlegs styrks úr rik-

issjóði, samanborið við þær fjárhæðir, sem lagðar hafa verið til fyrnefndra skóla. Aðsókn að skólanum hefir farið sívaxandi; eru nemendur nú milli 50 og 60 og mundu mun fleiri, ef fjárhagur skólans og húsrúm leyfði. Skólinn er nú í 2 deildum, en óumflýjanlegt er að bæta við hinni þriðju á næsta ári.

Fjárhæðir þær, sem ríkissjóður leggur til þessara skóla, nema samkv. fjárlögum síðasta og yfirstandandi árs:

	1928	1929
Til Akureyrarskóla . . .	53.120.00	59.300.00
— Eiðaskóla . . . . .	22.120.00	19.000.00
— Flensborgarskóla . . .	14.000.00	16.000.00
— Ísafjarðarskóla . . .	4.000.00	6.000.00

Vestfjarðaskólinn fær því í ár að eins  $\frac{1}{10}$  móts við Norðurlandsskólann, tæpl.  $\frac{1}{3}$  móts við Austfjarðaskólann og  $\frac{3}{8}$  móts við Flensborgarskólann.

Þetta er hróplegt ranglæti. Er þó ekki allt talið, því að auk þessa leggur ríkissjóður stórfje til annara alþýðuskóla í þessum landshlutum, svo sem Laugaskólans, Laugavatns- og Hvítárbakkaskólans, gagnfræðadeildar Mentaskólans hjer og Ungmennaskólans.

Frv. það, sem nú er borið fram, er að mestu sniðið eftir lögum frá síðasta þingi um bráðabirgðar ungmennafræðslu í Reykjavík. Þó er gert ráð fyrir, að deildir skólans verði 3. Hefir reynslan sýnt, að á því er fullkomin nauðsyn, og að í sambandi við aðalskólann sje kvöldskóli fyrir þá, sem ekki geta felt niður atvinnu vegna námsins, vilja leggja stund á sjerstakar námsgreinir, eða búa sig undir æðri skóla. Námsgreinir eru hinar sömu og gert er ráð fyrir í framangreindum lögum, en alþjóðamálinu Esperanto aukið við. Þá er og gert ráð fyrir, að skólagjöld sje aðeins heimtuð af utanbæjarmönnum úr þeim hjeruðum, sem engan styrk leggja til skólans.

Verði frv. þetta að lögum, er að nokkru bætt úr því feikna misrjetti, sem Vestfirðingar hafa verið beittir undanfarið í skólamálum, og stórt spor stigið í þá átt að koma alþýðufræðslu Vesturlands í viðunandi horf.